

Lulu Munk Anderson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Borgarbraut 14
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. maí 2014
Tilvísun: UST20140300265/ksj

Lýsing Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, Sorpförgun og efnistaka við Bjarnhóla í landi Hamars

Vísað er til erindis skipulags og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að breytingu aðalskipulags Borgarbyggðar 2010 - 2022 sem felur í sér að svæði í landi Hamars verður skilgreint sem svæði fyrir sorpförgun og efnistöku í stað landbúnaðarsvæðis. Svæðið sem breytingartillagan nær til er alls 9,8 ha, 7,7 ha af því verða skilgreindir sem sorpförgunarsvæði og 1,1 ha verður skilgreindur sem efnistöku- og sorpförgunarsvæði.

Sorpförgunarsvæði


Gert er ráð fyrir að áætlað sorpförgunarsvæði taki á móti jarðvegi, grjóti, múrbroti, ómenguðu timbri og hrossataði alls 500 tonn/ári. Einnig er ætlunin að endurvinna þar garðaúrgang. Svæðið var áður sorpförgunarsvæði fyrir almennan úrgang allt til ársins 1999.


Efnistökusvæði

Efnistaka hefur verið á svæðinu við Bjarnhóla frá árinu 2007.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun